

24. mars 2017

**Tilkynning frá Aðföngum**

Bisca A/S í samstarfi við Aðföng hafa ákveðið að taka úr sölu og innkalla *Karen Volf Snøfler® - to go!* í 100g pakkningum.

Ástæða innköllunarinnar er sú að hætta er á að aðskotahlutir geti leynst í vörunni, en þá má rekja til bilunar á framleiðslulínu hennar. Með hliðsjón af neytendavernd er varan tekin úr sölu og innkölluð.

Varan var til sölu í verslunum Hagkaups á tímabilinu 5. mars til 24. mars 2017.

**Upplýsingar um vöruna:**

Vöruheiti: *Karen Volf Snøfler® - to go!*

Strikamerki: 5709364674609

Nettóþyngd: 100g

Best fyrir dagsetning: 13/7 2017

Viðskiptavinum Hagkaups sem keypt hafa vöruna er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Bisca A/S og Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga, í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

